

Djúpavogshreppur
Bakka 1
765 Djúpavogi



NEYTENDASTOFA

Reykjavík, 12.02.2020
Tilv. 2019/0366 - 6.1.01
SGI

Efni: Umsókn Djúpavogshrepps um undanþágu frá hæfisreglu vigtarmanna fyrir löggilta vigtarmenn

Neytendastofa vísar til úrskurðar áfrýjunarnefndar neytendamála, í máli nr. 3/2019, þar sem ákvarðanir Neytendastofu um að synja löggiltum vigtarmönnum um undanþágu frá 3. og 4. mgr. 3. gr. reglna nr. 650/2007 um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, sbr. auglýsingu nr. 20/2008, voru felldar úr gildi og lagt fyrir Neytendastofu að taka málið til nýrrar meðferðar.

Í umsókn og skýringum sveitarstjóra Djúpavogshrepps kemur fram að hinir löggiltu vigtarmenn séu eigendur og starfsmenn fiskmarkaðar Djúpavogs. Jafnframt kemur fram að hreppurinn telji skilyrði til veitingar undanþágu séu uppfyllt, þ.e. fámenni valdi því að örðugt sé að fá til starfa löggilta vigtarmenn, auk þess sem ítrekað hafi verið leitað eftir að fá aðila til starfa sem uppfyllti öll viðeigandi skilyrði. Þar sem um lítið sveitarfélag sé að ræða hafi það ekki verið gert með auglýsingum í fjölmiðlum, heldur með því að hafa samband við líklega aðila á svæðinu. Þar að auki kæmi aðeins til þess að vigtarmennirnir vigtuðu í undantekningartilvikum, kæmi til þess að hún yrði veitt, enda sé starfandi hafnarvörður með full réttindi við höfnina auk þess sem forstöðumaður áhaldahúss hlaupi undir bagga þegar svo beri undir. Því verði það einungis þegar hvorugur þessara aðila sé tiltækur sem undanþágan muni verða nýtt.

Neytendastofu barst word-skjal með drögum að auglýsingu frá sveitarstjóra Djúpavogshrepps sem að sögn sveitarstjóra hefur verið notuð innansveitar oftár en einu sinni og fundargerð hafnarnefndar frá árinu 2015 þar sem fjallað var um skort á vigtarmönnum. Að sögn sveitarstjóra hefur vandamálið verið til staðar síðan þá og reynt hefði verið að bregðast við því ítrekað, m.a. með áðurnefndri auglýsingu. Engar upplýsingar liggja fyrir um hvernig verði brugðist við er hafnarvigtarmaður er vanhæfur, samkvæmt sérstökum hæfisskilyrðum reglnanna.

Neytendastofu barst jafnframt umsögn frá Fiskistofu um að óheppilegt væri að sami aðili sinni vigtun sem hafnarvigtarmaður og fengist jafnframt við störf sem mögulega orsökðu vanhæfi við vigtun sjávarafila á hafnarvog. Fiskistofa veitti erindinu því ekki jákvæða umsögn.

II. Niðurstaða

Um sönnunargildi vottorða löggilts vigtarmanns er kveðið á um í 27. gr. laga nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn. Þar segir:

„Fullgilt vottorð löggilts vigtarmanns er sönnun um þyngd þess sem vegið var og hvað var vegið. Í stjórnvaldsfyrirmælum er unnt að tilgreina að ákveðin störf skuli unnin af löggiltum vigtarmönnum.

Neytendastofa setur nánari reglur að fenginni umsögn fagraðs, sbr. 35. gr., um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, þ.m.t. hvaða störf séu ósamrýmanleg störfum löggiltra vigtarmanna o.fl.“

Í frumvarpi er varð að lögum nr. 91/2006 er vikið að mikilvægi þess að löggiltir vigtarmenn séu sjálfstæðir og óháðir í sínum störfum, svo sem gildi um vigtarmenn á hafnarvogum og á fiskmörkuðum. Þá sé nauðsynlegt að slíkt fyrirkomulag styrkist þannig að til framtíðar verði löggiltir vigtarmenn ekki starfsmenn þeirra sem hagsmuna hafi að gæta af niðurstöðu vigtunar.

Neytendastofa hefur sett reglur nr. 650/2007, um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna, sbr. auglýsingu nr. 20/2008, sem kveða á um almenn neikvæð hæfisskilyrði löggiltra vigtarmanna. Í 3. gr. reglnanna segir nánar um það:

„Löggiltur vigtarmaður skal ekki taka við starfi þegar fyrirsjáanlegt er að hann muni oft verða vanhæfur til meðferðar einstakra mála á grundvelli hinna sérstöku hæfisreglna. Eftirtalin störf eru ósamrýmanleg störfum löggilts vigtarmanns sem starfar sem hafnarvigtarmaður í aðal- eða aukastarfi:

- 1. Eigandi og/eða útgerðarmaður fiskiskipa.*
- 2. Starfsmaður útgerðar fiskiskipa.*
- 3. Eigandi fiskvinnslu.*
- 4. Starfsmaður fiskvinnslu.*
- 5. Eigandi fiskmarkaðar.*
- 6. Starfsmaður fiskmarkaðar.*

Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er Neytendastofu heimilt að beiðni hlutaðeigandi hafnarstjórnar og að fenginni umsögn Fiskistofu að veita aðila undanþágu, til 18 mánaða í

senn, til hafnarvigtunar. Skilyrði til veitingar undanþágu samkvæmt þessari grein eru:

- a. að fámenni í viðkomandi byggðarlagi valdi því að örðugt er að fá til starfa löggiltan vigtarmann sem uppfyllir öll skilyrði 2. mgr.*
- b. að sveitarfélag sýni fram á að leitað hafi verið eftir aðila til starfa sem uppfyllir öll skilyrði 2. mgr.*

Auk þessa skal sveitarstjórn gera grein fyrir því hvernig brugðist verði við er hafnarvigtarmaður er vanhæfur til vigtunar, sbr. ákvæði 5. gr.“

Í málinu er óskað eftir undanþágu frá hæfisskilyrðum fyrir eigendur og starfsmenn Fiskmarkaðar Djúpavogs. Af því má vera ljóst að vigtarmennirnir uppfylla ekki tvö þeirra hæfisskilyrða sem mælt er fyrir um í reglunum, sbr. 5. og 6. tölul. 3. gr. reglna nr. 650/2007.

Fiskistofa veitti erindinu neikvæða umsögn vegna tengsla hinna löggiltu vigtarmanna.

Að mati Neytendastofu verður að gera ríkar kröfur til umsóknar um undanþágu frá hæfisreglum vigtarmanna með vísan til þeirra mikilvægu hagsmuna sem reglna um neikvæð hæfisskilyrði er ætlað að gæta. Er vigtarmönnum ætlað að vera sjálfstæðir og óháðir í störfum sínum. Undanþágu frá almennri reglu verður að túlka þröngt.

Íbúafjöldi Djúpavogshrepps var samkvæmt heimasíðu sambands íslenskra sveitarfélaga 472 íbúar þann 1. janúar árið 2019 og því er hreppurinn í hópi 20 fámennustu sveitarfélaga á landinu (Samband íslenskra sveitarfélaga: Upplýsingar um sveitarfélög, heimilisfang, oddviti, netfang o.s.frv). Í umsókn kemur fram að vegna fámennis sé erfitt að fá til starfa löggiltan vigtarmann sem uppfyllir öll skilyrði 2. mgr. 3. gr.


Það er mat Neytendastofu ekki sé unnt að útiloka að skilyrði a. liðs 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 650/2007 um að fámenni í byggðarlagi valdi því að örðugt sé að fá til starfa löggiltan vigtarmann sem uppfylli skilyrði 2. mgr. 2. gr. reglnanna.


Samkvæmt upplýsingum frá sveitarstjóra hefur verið haft samband við líklega aðila á svæðinu og innansveitar til að sinna störfum löggilts vigtarmanns. Sveitarfélag sem óskar undanþágu frá neikvæðum hæfisreglum verður sýna fram á að leitað hafi verið eftir hæfum aðila sem uppfyllir skilyrði 2. mgr. 3. gr. reglna nr. 650/2007. Í málinu liggja ekki fyrir nein gögn um að leitað hafi verið eftir hæfum aðila, þrátt fyrir ítrekun Neytendastofu um slík gögn. Sveitarfélagið hefur ekki sýnt fram á að leitað hafi verið eftir hæfum aðila með almennum hætti eins og gerð er krafa um í fyrirmælum b-liðar 3. mgr. 3. gr. reglnanna.

Umsókn um undanþágu frá hæfisreglum fyrir vigtarmennina Sigurjón Stefánsson, kt. 181170-5149 og Nökkva Fannar Sigrúnarson, kt. 251174-6019 er synjað á grundvelli b-liðar 3. mgr. 3. gr. reglna nr. 650/2007.

Vakin er athygli á málskotsheimild til áfrýjunarnefndar neytendamála skv. 4. gr. laga um Neytendastofu nr. 62/2005. Skrifleg rökstudd kæra skal berast til áfrýjunarnefndar neytendamála, Steinási 16, 210 Garðabæ, innan fjögurra vikna frá móttöku þessa bréfs. Auk þessa skal rafrænt afrit af undirritaðri kæru berast nefndinni á netfangið afryjunarnefnd@anr.is.

Virðingarfyllst
f.h. Neytendastofu


Svava G. Ingimundardóttir
Lögfræðingur


Bjarni Bentsson
Sérfræðingur